



9. bekkur - námsgrein: DANSKA - kennari: Elfa Björk Ellertsdóttir - tímafjöldi: 3 á viku

Námsgögn:

- Smil les – og vinnubók
- Dejlige Danmark
- Tölvuverkefni MMS, danskherognu.dk. Duolingo.
- Grammatik 1 - verkefni í danskri málfræði fyrir grunnskóla
- Dönsk afþreying

Hjálpargögn fyrir nemendur:

- Duolingo classroom
- Islex.is
- Ordnet.dk
- Sproget.dk
- Taleboblen.hi.is
- danskherognu.dk

Lykilhæfni: Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum skólans og vísar til hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum. Lykilhæfni er hæfni þar sem alhliða þroski nemenda birtist.

Lykilhæfni er þannig metin um leið og þekking og leikni í hinum mismunandi greinum er metin og fléttast gjarnan inn í annað námsmat. Viðmið um matið eru sett fram í fimm liðum sem eiga við öll námssvið:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2022-2023

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.
- með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms- og kennsluaðferðir	Námsmat
Hlustun	Skilningur á einföldu máli á dönsku. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar.	Hlustun er æfð með töluðu máli kennara og nemenda. Hlustunaræfingar úr námsbók, danskir dægurlagatextar, kvikmyndir og þættir. Hvert tækifæri notað til þjálfunar á tali og hlustun	Símat á tali og hlustun



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2022-2023

Lesskilningur	Nemendur þjálfast lestur og lesskilning. Áhersla lögð á að glósa og safna nýjum orðum. Nemendur þjálfast að finna upplýsingar í einföldum texta.	Lesskilningur æfður upp úr textum úr námsbók, auk ýmissa texta frá kennara. Tölvuverkefni t.d. Duolingo og fleiri	Lesskilningspróf á önninni.
Samskipti	Nemendur þjálfast í að spyrja og svara á dönsku á einfaldan hátt. Ýmsir leikir og samtalsæfingar.	Kennari talar dönsku sem mest og nemendur þjálfast í að svara á dönsku	Símat
Ritun	Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, skrifað einföld skilaboð.	Hluti af heimanámi og vinna í tímum.	Ritunarverkefni sem unnin eru á önninni eru hluti lokanámsmats
Námshæfni	Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. að lesa í fyrirsagnir og ljósmyndir og geta sér til um innihald. Ný viðfangsefni tengd lífsreynslu ungmenna, þátttaka í hóp- og paravinnu	Sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð og hópavinna.	Ástund í tímum hefur áhrif á námsmat



Haustannaráætlun				
Mán	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Annað
ágúst/september	Dönsk menning, matarvenjur, hefðir og staðir kynntir til leiks og óreglulegar sagnir rifjaðar upp	Dejlige Danmark bls. 1-10 Verkefnabók bls. 1-19 Málfræðihefti bls. 5 - 10 Tölvuverkefnið Duolingo	Próf	Nemendur eru hvattir til að vinna vel í tímum og draga þannig úr heimavinnu en gott er að fylgjast vel með á Mentor. Kennari skráir allt sem tengist náminu inn á Mentor, t.d. ástundun, heimavinnu, verkefnaskil, framkomu og ef námsbækur gleymast heima. Heimavinna er hluti af símati og ef engri heimavinnu er skilað dregst það frá lokaeinkunn. Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í kennslustundum og er það einnig hluti af símati.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2022-2023

október	Áfram unnið með danska menningu, hversdagsleika og kennileiti Áfram unnið með sagnir og byrjað á nafnorðum	Dejlige Danmark lesbók bls. 11-19 Vinnubók 20-39 Málfræðihefti bls. 11-20 Duolingo Danskir sjónvarpsþættir	Próf	
nóvember	Upprifjun á tölum, vikudögum og málfræðireglum. Smil les – og vinnubók. Nemendur kynnast sögu Víkingatímabilsins. Tileinka sér nýjan orðaforða úr sögu þeirra á dönsku,t.d. allt um Harald blátönn og margt fleira	Smil – les og vinnubók 1.kafli bls. 4 – 13 Vikingerne Málfræðihefti bls. 5 - 10 Tölvuverkefnið Duolingo	Kaflapróf úr 1.kafla	
desember	Smil les – og vinnubók Tölvuverkefni Duolingo Nemendur kynnast nýjum hugtökum um Den farlige verden. Geti tjáð sig um viðfangsefnið á dönsku jafnt skriflega sem og munnlega.	Smil lesbók 2. Kafli bls. 14 – 25. Den farlige verden. Vinnubók sem fylgir kaflanum Málfræðihefti bls. 11-20 Duolingo Danskir sjónvarpsþættir	Kaflapróf úr 2.kafla	Dönsk jólamynd og hygge



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2022-2023

	Danskir jólasíðir eru einnig rifjaðir upp. Hlustað verður á dönsk jólalög og horft á danska jólamynd.			
--	---	--	--	--

*Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati t.d. skiptingu milli Smil og Dejlige Danmark